

Ályktun foreldraráðs Hádegishöfða vegna gardína

Nú þegar tæp 2 ár eru liðin frá opnun nýs Hádegishöfða furðar foreldraráð Hádegishöfða sig á því að ekki sé enn búið að fjárfesta í sólargluggatjöldum inná deildir. Stórir gluggar eru á allri suðvesturhlið leikskólans og á björtum dögum verða deildir nánast ónothæfar vegna ofbirtu og/eða hita. Foreldraráð Hádegishöfða vill því hvetja Umhverfis- og framkvæmdaráð til að leysa þetta mál sem allra fyrst svo ekki líði annað sumar án gardína.

Fellabær, 29.04.2024